

Ágætu konur

Takk fyrir að fá að koma og vera með ykkur hér í dag.

Þakka KRFÍ fyrir að bjóða mér að tala hér í dag og einnig vil ég nota tækifærið og þakka félaginu fyrir öflugt starf sem hefur verið sýnilegt í vetur.

Ég fór að hugsa um það þegar ég var beðin að tala hér í dag og með fylgdi að ég hefði í raun alveg frjálssar hendur með umræðuefnið að ég ætti kannski að nota tækifærið og ræða um samgöngur sem eru mína ær og kýr þessi misserin.

En í dag er 19. júní og þá er við hæfi að ræða jafnréttismál og femininisma hjá Kvenréttindafélagi Íslands. Ég vil nota tækifærið og óska KRFÍ til hamingju með daginn og það sem ég minntist á áðan öflugt starf í vetur. Því það skiptir nefnilega máli að hafa félag eins og KRFÍ sem byggir á gömlum grunni og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í jafnréttismálum. Þegar ég var að ákveða hvað ég myndi segja við ykkur í kvöld varð mér hugsað til þess – að stundum finnst mér ég alltaf vera að segja það sama þegar kemur að jafnréttismálum. Og á stundum getur það orðið svolítið frústrerandi og manni finnst að maður sé alltaf að hjakka í sama farinu þó málefnið sé vissulega brýnt. Nelson Mandela sem var frægur fyrir baráttu sína fyrir réttindum blökkufólks sagði eitt sinn, það skiptir ekki máli þó allur salurinn fyrir utan eina manneskju hafi heyrt þetta áður, það er þessi eini sem skiptir máli. Og þess vegna þó okkur finnst stundum baráttan vera tvö skref fram og eitt aftur á bak verðum við að halda áfram og megum ekki gefast upp.

Það sem skiptir líka miklu máli er að við megum og eigum ekki að vera feimin að tala um jafnrétti og kvenfrelsi. Um daginn var ég beðin um að koma og tala í kirkju einni hér í borginni og hafði algerlega frjálssar hendur um hvað ég myndi tala. Eftir að hafa hugleitt umræðuefni ákvað ég að tala um mikilvægi kvenfyrirmynda og ræddi á persónulegum nótum – kannski var það sérstaklega til stelpnanna sem í kirkjunni voru – þetta var jú messa þar sem var skyldumæting fermingarbarna og foreldra þeirra sem liður í fermingarfræðslu. Og ég hef ekki í langan tíma verið í sal sem eins vel var hlustað og eins vel var tekið á móti því sem sagt var. Eftir á held ég að það hafi verið vegna umræðuefnisins. Kannski líka vegna þess að í salnum voru foreldrar unglunga bæði stráka og stelpna sem vilja jú að stelpurnar þeirra hafi nákvæmlega sömu tækifæri í framtíðinni og strákarnir.

En það er ekki nóg að tala bara – þó maður tali oft og mikið og jafnvel um sömu hlutina. Það þarf að láta verkin tala og ég tala nú ekki um þegar minn flokkur er nú loks kominn í ríkisstjórn.

Og þó það sé stundum erfitt að ströggla þetta verðum við að feta okkur áfram, skref fyrir skref. Ein kona á einum stað gerir ekki mikil einsömuhl heldur er það massinn sem skiptir öllu. Við verðum að hafa sem flestar konur í háum embættum til að breyta hugarfarinu og því var það algert lykilatriði að jafn margar konur og karlar gegndu ráðherraembættum hjá Samfylkingunni í nýrri ríkisstjórn. Og það eru miklar

vonir og væntingar bundnar við þátttöku okkar þar, ekki síst í jafnréttis og jafnlaunamálum.

Og á þessu fyrsta ári ríkisstjórnarinnar hafa mörg jafnréttis og kvenfrelismál verið samþykkt eða sett í ákveðinn farveg. Fyrst vil ég nefna nýtt frumvarp til jafnréttislaga. Ég fullyrði að það sé eitt mesta framfaraskref í lagasetningu á sviði jafnréttismála í seinni tíð. Þar er kveðið á um að Jafnréttisstofa fái ríkari heimildir til að hafa framkvæmd með eftirfylgni laganna – því ótrúlegt en satt – ýmsir hafa komist upp með það árum saman að hundsa jafnréttislögin. Og það hefur viðgengist án þess að Alþingi brygðist við. Síðan má velta því fyrir sér hvort slíkt hefði verið látið óáreitt ef um væri að ræða fjármálamarkaðinn, samkeppnismálin eða önnur slík svið. Nú hefur jafnréttisstofa fengið álíka heimild og t.d. samkeppniseftirlit og fjármálaeftirlit til að fylgjast með því að lögnum sé framfylgt. Kærunefnd jafnréttismála hefur fengið þann stall í lögnum að nú eru úrskurðir hennar bindandi og er það hrein grundvallarbreyting.

Eitt af mikilvægustu verkefnum þessarar ríkisstjórnar er að vinna á kynbundnum launamun og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur að minnka eigi óútskýrðan kynbundinn launamun um helming á kjörtímabilinu. Strax sl. haust voru því settar á laggirnar tvær nefndir sem vinna eiga tillögur um að taka hressilega á launamun kynjanna. Ég á sjálf sæti í annarri nefndinni og hefur hún það meginverkefni að setja fram áætlun um hvernig minnka megi óútskýrðan launamun kynjanna á opinberum vinnumarkaði – og auk þess að gera tillögur um það hvernig endurmeta megi kjör kvenna sérstaklega hjá hinu opinbera, einkum meðal þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta.

Einhverjir munu ef til vill segja að hér sé reitt hátt til höggs og enn aðrir munu spyrja hví þetta var ekki gert í nýgerðum samningum. En innbyggt ójafnrétti verður ekki lagfært í einni svipan. Til þess þarf lengri samningstíma en samið var um á dögnum hér og ígrundað samkomulag allra aðila um yfirlýst markmið. Verið er að vinna áætlun í þessum efnum og tillögur nefndanna verða kynntar á jafnréttisþingi í október næstkomandi. Þær verða síðan grunnur og innlegg í kjarasamningagerð þegar samningar losna í mars 2009. Ég tala af reynslu þegar ég segi að ef það er pólitískur vilji til að taka á þessum málum þá er það hægt. Ef það var hægt að minnka bilið með þessum hætti hjá Reykjavíkurborg á sínum tíma þá er það hægt hjá ríkinu einnig.

En ég má þó til með að segja það hér að höfum það hugfast að Róm var ekki byggð á einum degi. Þannig tók það til dæmis ríflega 10 ár að breyta verulega um kúrs hjá Borginni. Staðnað ríkiskerfi sem við höfum alltof lengi búið við tekur ekki breytingum á einu ári og tæplega stökkbreytingum á einu kjörtímabili. En það þarf að byrja að marka stefnuna og það hefur verið gert á ýmsum sviðum.

Þann 24. október fyrir ríflega tveimur árum síðan var ég í heilsíðuviðtali við Morgunblaðið þar sem ég áréttaði mikilvægi leiðréttingu launa hjá kvennastéttum. Þá hafði ég verið Borgarstjóri í tæplega ár og þetta var sagt í aðdraganda nýrra

kjarasamninga. Það voru ekki margir sem veittu þessari yfirlýsingu athygli, kannski vegna þess að fólk er orðið svo vant því að stjórnámálmenn segi eitt en geri annað – þegar kemur að launamálum. Þegar kjarasamningarnir voru síðan opinberaðir í desember sama ár ætlaði allt um koll að keyra og margir töluðu um að þetta kæmi sem þruma úr heiðskíru lofti. Og hví er ég að rifja þetta upp hér? Jú til að minna okkur á að vera sjálfum okkur samkvæmar – að orðum fylgir ábyrgð og að við eigum hvar sem við höfum tækifæri til að beita okkur í kvenfrelsis og jafnréttismálum.

Launa og kjaramálin eru að mínu mati eitt brýnasta viðfangsefni jafnréttisbaráttunnar í augnablikinu. Stóru sveitarfélögin Reykjavík og Akureyri hafa náð ágætum árangri í að minnka óútskýrðan launamun kynjanna og nú er komið að ríkisvaldinu. Jafnréttismálin eru þverpólitísk og grunnstefið í kvenfrelsisbarátunni um jafnan hlut án tillits til kynferðis er baráttumál allra stjórnmálaflokka - þótt vitaskuld sé deilt um aðferðir og aukaatriði er víðtæk sátt í samfélaginu um meginmarkmiðin. Það er því verkefni okkar að halda í sameiningu fast um gunnfánann og láta hann jafnan blakta hæstan þegar reynt er að teyma umræðuna í átt að litlu veifunum sem við höfum hvert og eitt rétt og skyldu til að veifa. Látum í okkur heyra varðandi ráðherramálfraði og litaval á ungbarnafötum hins opinbera, en stöndum jafnframt saman um að láta ekki úrtölufólk komast upp með að halda því fram að slík séu einu verkefni jafnréttisbaráttunnar. Höldum á lofti því sem sameinar okkur, minnum stöðugt á það. Þannig flýtum við hjólunum af stað.